

## **Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2020**

Óskað er eftir tilnefningum til mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar 2020. Tilnefna má einstaklinga, hópa, félagasamtök eða stofnanir sem á eftirtektarverðan hátt hafa staðið vörð um mannréttindi.

Tilnefningar ásamt rökstuðningi skulu berast á netfangið **mannrettindi@reykjavik.is**  
**Frestur til að skila tilnefningum er 1. desember 2020.**

Handhafi mannréttindaverðlauna Reykjavíkurborgar hlýtur að launum kr. 600.000,-

Verðlaunin verða afhent af borgarstjóra Reykjavíkur þann 10. desember í tengslum við alþjóðlega mannréttindadaginn en þann dag var Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt árið 1948.

Markmið mannréttindaverðlaunanna er að vekja athygli á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mikilvægi samfélags þar sem mannréttindi eru virt.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar til eins árs í senn. Hana skipa þrír einstaklingar sem hafa haft aðkomu að jafnréttis- og mannréttindamálum í sínum störfum.

Valnefnd 2020:

Bergsteinn Jónsson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri Unicef á Íslandi  
Claudie Ashonie Wilson, lögfræðingur  
Eiður Axelsson Welding, fötlunarfræðari, varaformaður CP félagsins og stjórnarmaður í Öryrkjabandalagi Íslands.

### **Áður hafa hlotið mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar:**

Alþjóðahús 2008

Rauði Kross Íslands 2009

Blátt áfram 2010

Hinsegin dagar 2011

List án landamæra 2012

Kvennathvarfið 2013

Geðhjálp 2014

Frú Ragnheiður 2015

Þórunn Ólafsdóttir 2016

Með okkar augum 2017

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi -W.O.M.E.N. Á Íslandi 2018

Móðurmál Samtök um tvítýngi 2019